

## REGLUGERÐ

**um gildistöku framkvæmdartilskipunar Evrópusambandsins um tilhögun  
upplýsingaskipta sem varða skipti milli aðildarríkjanna á líffærum  
úr mönnum sem eru ætluð til ígræðslu.**

1. gr.

*Innleiðing.*

Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2012/25/ESB frá 9. október 2012 um tilhögun upplýsingaskipta sem varða skipti milli aðildarríkjanna á líffærum úr mönnum sem eru ætluð til ígræðslu, sem vísað er til í 15zna í XIII. kafla II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 179/2014 frá 25. september 2014, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið.

2. gr.

Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2012/25/ESB, sbr. 1. gr., er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB, nr. 64/2014 frá 30. október 2014, bls. 274.

3. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 37. gr. laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

*Velferðarráðuneytinu, 28. maí 2015.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
heilbrigðisráðherra.

\_\_\_\_\_  
*Sveinn Magnússon.*